

LÍOL3FR05

Búið til: Tue, 31 Dec 2013 05:03:24 GMT

Titill

Líffæra og lífeðlisfræði

Skammstöfun

LÍOL3FR05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

Líffæra og lífeðlisfræði

Viðfangsefni

Framhaldsáfangi í líffæra- og lífeðlisfræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í fyrri hluta annarinnar vinna nemendur að valfrjálsu verkefni sem tengist líffæra- og lífeðlisfræði. Nemendur velja sér viðfangsefni sjálf og verkefnið er unnið út frá ákveðnum skilyrðum. Nemendur kynna verkefnið í síðustu viku fyrir miðönn. Í seinni hluta annarinnar eru eftirfarandi viðfangsefni tekin fyrir: Orkukerfi líkamans (ATP-PCr, oxunarkerfið og sykurrofskerfið) Áhrif umhverfisins á líkamann við þjálfun (þjálfun í hita, kulda og í hæð) Hormónastarfsemi kvenna á meðgöngu og við fæðingu Hjartað Beinagrindarvöðvar

Forkröfur

A.m.k. 10 einingar í líffæra og lífeðlisfræði á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hver orkukerfi líkamans eru, hvernig þau virka og hversu mikið þau afkasta
- hvaða áhrif þjálfun í mismunandi umhverfi hefur á líkamsstarfsemi
- hvaða hormón tengjast meðgöngu og fæðingu og hvað hvert hormón gerir í líkamanum á þessu tímabili
- uppbyggingu og hlutverki hjartans og hvernig það starfar annars vegar í hvíld og hins vegar við álag
- byggingu beinagrindarvöðva, hvernig þeir dragast saman og hvernig þeir stækka við langvarandi álag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta hversu mikið hvert orkukerfi er í virkni við mismunandi álag og mismuandi tímalengdir
- tengja líkamlegar breytingar kvenna á meðgöngu og við fæðingu við hormón

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- finna heimildir um viðfangsefnið á ensku
- lesa og skilja heimildir um viðfangsefnið á ensku
- meta gæði heimilda um viðfangsefnið
- útskýra fyrir öðrum viðfangsefnið
- taka þátt í umræðu um viðfangsefnið á uppbyggilegan hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**